



**Hádegistilboð**

Frá kl. 11-16

**LÍTIL PIZZA**  
af matselli og 0,333 cl gos **1.000 KR.**

**MIÐSTÆRÐ**  
af matselli og 0,333 cl gos **1.500 KR.**

DOMINO'S APP [WWW.DOMINOS.IS](http://WWW.DOMINOS.IS)

## Hljómsveitin SÓLÓ sló í gegn á Bókasafni Seltjarnarness

Það ætlaði allt að verða vitlaust á Tónstöfum í Bókasafni Seltjarnarness þann 1. mars sl. þegar að hljómsveitin SÓLÓ kom fram í fyrsta sinn opinberlega í rúm 50 ár og sigraði svo sannarlega hjörtu vel yfir 100 tónleikagesta.

Hljómsveitin Sóló var stofnuð árið 1961 og var á hátindi frægðar sinnar örfáum árum síðar þegar að hún varð mjög vinsæl danshljómsveit á sjöunda áratugnum. Sóló spilaði gítar- og danstónlist af öllu tagi en fór fljótlega að spila lög The Beatles, Hollies, Searchers, Swinging Blue Jeans, The Shadows og fleiri vinsælla hljómsveita. Hljómsveitin spilaði á öllum helstu dansstöðum landsins og fór í hljómléikaferð til Noregs. Síðan eru liðin rúm 50 ár og hafa félagarnir alla tíð ræktað vináttu sína. Margir hljóðfærleikarar komu við sögu hljómsveitarinnar en kjarninn var alltaf sá sami og er hljómsveitin nú skipuð þeim Guðmari Marelssyni, Lárusi Hjaltested Ólafssyni, Ólafi Má Ásgeirssyni, Sturlu Má Jónssyni og Þorkeli Snævari Árnasyni. Frá því seint í fyrravetur hafa



Hljómsveitin Sóló að spila fyrir gesti í Bókasafni Seltjarnarness.

þeir félagarnir hist vikulega í skólalastjóra Tónlistarskólans. Það Tónlistarskólanum á Seltjarnarnesi var mál gesta á tónleikunum að til að spila saman gömlu lögin og hljómsveitin Sóló hefði engu gleymt eiga góða stund saman auk þess enda voru þeir klappaðir upp aftur að njóta stundum leiðsagnar Kára og aftur. Vel gert!

**Opið**  
**8-24**  
alla daga  
Á EIÐISTORGI  
**HAGKAUP**

SELTJARNARNESBÆR



[www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)



## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)

ÓKEYPIS  
GREIÐSLUMAT  
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA  
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka  
er endurgjaldslaust til ársloka

# Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMÆÐUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMÆÐUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

## Heildræn hverfisgæsla er ekki til staðar

Mikil fjölgun hefur orðið á innbrotum og skemmdarverkum á höfuðborgarsvæðinu. Talið er að þessi innbrotahrina sé jafnvel verk skipulagðra hópa.

Í nóvember árið 2005 var að frumkvæði bæjarstjórnar Seltjarnarness samið við Securitas um hverfagæslu á Seltjarnarnesi. Tilgangur verkefnisins var að sporna gegn innbrotum og skemmdarverkum í bænum. Tilraunaverkefnið var nýmæli hér á landi og unnið í samstarfi við lögreglu og dómsmálaráðuneytið. Í viðhorfskönnun sem Gallup gerði á árinu 2005 kom kom í ljós að meirihluti íbúa Seltjarnarness var hlynntur þessum forvarnaáðgerðum. Áhersla á forvarnir var einnig niðurstaða starfshóps um öryggismál á Seltjarnarnesi sem skilaði skýrslu sinni fyrr á árinu 2005 en hópurinn vann hluta hugmynda sinna í samstarfi við dómsmálaráðuneytið. Í ljósi þessa og almennrar umræðu um öryggi heimila gagnvart óboðnum gestum ákvað bæjarstjórn að taka frumkvæðið og fá lögreglu og öryggisgæslufyrirtæki til samstarfs. Bílar frá öryggisfyrirtækinu óku um hverfi bæjarins eftir ákveðnu skipulagi og litu eftir eignum bæjarbúa.

Því miður er þetta fyrirkomulag um hverfagæslu ekki lengur í gangi. Engin lögreglustöð í næsta nágrenni, öryggisfyrirtæki aka e.t.v. fram hjá þeim húsum sem þau fá greitt fyrir að vakta en heildræn hverfagæsla er ekki til staðar. Tvær öryggismyndavélar eru annars vegar á Norðurströnd, hins vegar á Nesvegi.

Á heimasíður lögreglunnar í Reykjavík má sjá margar góðar hugmyndir um hvernig bregðast á við óboðnum gestum. Í febrúarblaði Nesfréttu eru bæjarbúar beðnir um að koma með hugmyndir að bættu samfélagi. Er ekki kominn tími til að bæta öryggi bæjarbúa.

## Seltjarnarnesbær tekur lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga

- til að fjármagna uppgjör við Lífeyrissjóðinn Brú og byggingu hjúkrunarheimilis



Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur ákveðið að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstólsupphæð allt að kr. 1,2 milljarðar með lokagjald daga þann 5. nóvember 2055. Bæjarstjórn hefur samþykkt að til tryggjar láninu, höfuðstólsfjárhæðinni, uppgreiðslugjaldi, auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar, standi tekjur sveitarfélagsins, samanber heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Lánið er tekið til fjármögnunar á uppgjöri við Lífeyrissjóðinn Brú sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Einnig er lánið veitt til fjármögnunar á byggingu hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi.

Samkomulag og uppgjör við Brú lífeyrissjóð um greiðslu framlaga til A-deildar sjóðsins. Bæjarráð hefur samkomulagi við Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga um uppgjör vegna A-deildar sjóðsins til afgreiðslu bæjarstjórnar, að fjárhæð kr. 643.846 milljónir

 **HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

**ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR**

**Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband  
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



 Finndu okkur á Facebook

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**


Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242





# GJÖF SEM NÆR LENGRA

Gefðu minningar í fermingargjöf



Fermingarbörn nútímans eiga jafnan allt sem hugurinn girnist. Gjafabréf Icelandair breytist í ævintýri á erlendri grundu – nýja reynslu sem býr með ungri manneskju ævilangt. Gefðu minningar í fermingargjöf. Gjöf sem stenst tímans tönn.

**ICELANDAIR** 



## Fjögurra íbúða hús við Melabraut 12



Fyrirhuguð bygging á Melabraut 12 er hægra megin á myndinni.

Grenndarkynningar á erindi um deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðina Melabraut 12 í Bakkahverfi á Seltjarnarnesi fer senn að ljúka. Gert er ráð fyrir að rífa núverandi hús á lóðinni og byggja í staðinn hús með fjórum íbúðum.

Reisa á nýbyggingu allt að þremur hæðum, þar af skal efsta hæð vera inndregin frá götu um a.m.k. 4 metra. Gera má kjallara undir húsinu fyrir geymslur og stoðrymi sem yrði að öllu leyti neðanjarðar. Gert er ráð fyrir fjórum bílastæðum á lóðinni eða einu stæði fyrir hverja íbúð. Hámarks byggingarmagn á lóðinni verður aukið úr 324,4 fermetra í 527 fermetra. Núverandi hús á lóðinni skemmdist mikið í eldsvoða á liðnu ári og er talið ónýtt.

## Bærinn má fjarlægja Skarasjoppu

**- eigandinn dæmdur til að greiða bænum 550 þúsund í málskostnað**

Seltjarnarnesbæ er heimilt að fjarlægja fimmtíu fermetra söluskála sem stendur við íþróttamiðstöð bæjarins eða Skarasjoppu eins og skúrinn var kallaður forðum daga. Söluskálinn hefur um tíma staðið auður síðast var verslun Systrasamlagsins þar til húsa áður en starfsemi hennar var flutt á Óðinsgötu í Reykjavík.



Heimild bæjarfélagsins byggist á því að árið 1999 var gerður leigusamningur um lóðina undir skálanum við þáverandi eiganda. Var samningurinn gerður til 15 ára við þáverandi eiganda með því skilyrði að skálinn yrði fjarlægður að samningstíma loknum. Árið 2013 eða um átján mánuðum áður en samningurinn rann út, keypti annað fyrirtæki, Ingólfstorg ehf., skálann og óskaði eftir framlengingu til fimmtán ára. Var því hafnað af bænum, en eiganda þess í stað boðið að gera samning til eins árs í senn gegn því að skálinn yrði fjarlægður að samningstíma loknum. Eigandinn sætti sig ekki við þau málalok og kvaðst ekki kannast við þær kvaðir. Hann kvaðst hafa verið rukkaður um lóðarleigu árið 2015 og því litlið svo á að samningurinn hefði verið framlengdur til fimmtán ára. Neitaði hann því að fjarlægja skálann. Seltjarnarnesbær stefndi eigandanum þá fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur og hafði sigur en stefndi áfrýjaði málinu til Landsréttar sem nú hefur úrskurðað bænum í vil auk þess sem eigandi skálans var dæmdur til að greiða bænum 550.000 krónur í málskostnað.

## Sparaðu og við hvetjum þig áfram

Landsbankinn greiðir 6.000 kr. mótframlag þegar fermingarbörn leggja 30.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrúnn eða í verðbréfasjóð. Ef báðir kostir eru nýttir leggur Landsbankinn því til 12.000 kr. í mótframlag. Þannig viljum við hvetja til sparnaðar.

Nánari upplýsingar um verðbréfasjóði má nálgast á [landsbankinn.is/sjodir](http://landsbankinn.is/sjodir).





# VILT ÞÚ GERA GÓÐAN BÆ BETRI?

Viðreisn og Bæjarmálafélag Seltjarnarness/Neslistinn munu bjóða fram sameiginlegan lista til bæjarstjórnar í kosningunum 26. maí næstkomandi.

Markmið framboðsins er að bæta þjónustu sveitarfélagsins, auka aðkomu bæjarbúa að ákvörðunum og gera bæinn skemmtilegri.

Framboðið óskar nú eftir tillögum að frambjóðendum sem eru tilbúnir að takast á við fjölbreytt störf á vettvangi bæjarmála.

Meðal viðfangsefna eru skólamál, íþróttá- og æskulýðsmál, fjölskyldumál, jafnréttismál, málefni fatlaðra, málefni aldraðra, skipulagsmál, umhverfismál og menningarmál.

Við leitum að fólki á öllum aldri og með hverskonar reynslu. Einu skilyrðin eru góður samstarfsvilji, jákvæðni og gleði.

**Áhugasamir geta sent stutt bréf á [Nyttnes2018@gmail.com](mailto:Nyttnes2018@gmail.com)**

Eða hringt í Pál Árna Jónsson, formann Viðreisnar á Seltjarnarnesi í síma 858 6101 eða Árna Einarsson, formann Bæjarmálafélagsins í síma 861 1582





## NESIÐ OKKAR í fullum gangi

Hugmyndasöfnunin í NESIÐ OKKAR fór vel af stað í þetta fyrsta sinn sem nýju samráðsverkefni íbúa og bæjarins var hrint í framkvæmd á netinu. Verkefnið snýst um aðkomu íbúa í vali á forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri nýrra framkvæmda og viðhaldsverkefna á Seltjarnarnesi í sumar og skiptist í þrjá hluta; hugmyndasöfnun, íbúakosningu og framkvæmd.

Hugmyndasöfnuninni lauk þann 11. mars sl. en þá höfðu verið sendar inn um 45 hugmyndir og fjölmargir veitt ólíkum hugmyndum stuðning sinn. Nú stendur yfir vinna tveggja matshópa þar sem hugmyndirnar eru flokkaðar og metnar, kannað hvort þær falli undir skilyrði verkefnisins og hvort að upplýsingar séu nægar. Allar hugmyndir sem falla að skilyrðum verkefnisins eru kostnaðarmetnar og mögulegar útfærslur hugsaðar. Þær hugmyndir sem ekki falla undir skilyrði verkefnisins en eru engu að síður áhugaverðar og góðar hugmyndir er beint í viðeigandi farveg til nánari skoðunar.

Þann 10. apríl nk. opnar kosningavefur á nesid-okkar.betrailand.is þar sem íbúum gefst kostur á að kjósa um sínar eftirlætis hugmyndir. Hver og einn velur þá hvernig hann vill ráðstafa þeim 10.000.000 kr. sem verða til ráðstöfunar í þetta framkvæmdaverkefni í sumar. Það verður spennandi að sjá hver niðurstaða íbúa verður en kosningunni lýkur 24. apríl og úrslit kosninga verða kynnt þann 26. apríl. Allir 16 ára og eldri með lögheimili á Seltjarnarnesi hafa kosningarétt.



[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)

## Guðmundur Ari leiðir lista Samfylkingarinnar

- við bæjarstjórnarkosningar á Seltjarnarnesi



Frambjóðendur Samfylkingarinnar á Seltjarnarnesi.

Listi Samfylkingar Seltirninga var samþykktur á fjölmennum fundi á Bókasafni Seltjarnarness 14. mars. Listann skipa öflugir ungir og nýir einstaklingar í bland við eldri reynslubolta úr sveitarstjórnarmálunum. Listinn er fjölbreyttur í aldurssamsetningu og sérfræðipækkingu en flestir fulltrúar á listanum hafa sérfræðipækkingu á þeirri þjónustu sem sveitarfélög standa að. Þetta kemur í fréttatilkynningu frá Samfylkingunni á Seltjarnarnesi sem hún sendi fjölmiðlum.

*Hér má sjá listann í heild sinni*

1. Guðmundur Ari Sigurjónsson tólmstunda- og félagsmálafræðingur.
2. Sigurþóra Bergsdóttir verkefnastjóri.
3. Þorleifur Örn Gunnarsson grunnskólakennari.
4. Karen María Jónsdóttir deildarstjóri.
5. Magnús Dalberg viðskiptafræðingur.
6. Helga Charlotte Reynisdóttir leikskólakennari.
7. Stefán Bergmann líffræðingur.
8. Hildur Ólafsdóttir verkfræðingur.
9. Tómas Gauti Jóhannsson handritshöfundur.
10. Laufey Elísabet Gissurardóttir þroskaþjálfari.
11. Stefanía Helga Sigurðardóttir frístundaleiðbeinandi.
12. Árni Emil Bjarnason bókbindari.
13. Gunnlaugur Ástgeirsson menntaskólakennari.
14. Margrét Lind Ólafsdóttir bæjarfulltrúi.



## Það er einfalt að flokka plastumbúðir á Seltjarnarnesi

Pokar fyrir plastumbúðir fást íbúum að kostnaðarlausu í íþróttamiðstöðinni



**1** Skolið umbúðir svo ekki komi ólykt við geymslu

**2** Stafflið þeim saman svo þær taki minna pláss



**3** Setjið umbúðirnar í pokann og bindið fyrir þegar hann er fullur



**4** Setjið pokann í gráu tunnuna fyrir almennt sorp



Við flokkum pokana svo frá öðrum heimilisúrgangi í móttökustöð SORPU og komum plastinu í endurvinnslu

Nýjstu fréttir af verkefnum má finna á [facebook.com/plastsofnun](https://facebook.com/plastsofnun)

**SORPA**





## Sýning um Spænsku veikina 1918 á Bókasafni Seltjarnarness

Nú árið 2018 heldur íslenska þjóðin upp á 100 ára fullveldisafmæli Íslands. Bókasafn Seltjarnarnes mun af þessu tilefni gera sér far um að minnast sögunnar og ýmissa atburða sem áttu sér stað árið 1918.

Fyrsta sýningin í tengslum við aldarafmælið er um Spænsku veikina sem herjaði svo heiftarlega á landsmenn. Á bókasafninu verði stillt fram bókum og lesefni um drepsóttina illvígu sem og umfjöllun um þá rithöfunda sem urðu henni að bráð. Mjög áhugaverð sýning sem Seltirningar eru eindregið hvattir til að skoða en hægt er að glugga í margskonar bækur og fréttafni.

## Neslistinn samþykkir að bjóða fram með Viðreisn



Á aðalfundi Bæjarmálaráðs sem haldinn var 14. mars síðastliðinn var samþykkt að ganga til samstarfs við Félag Viðreisnarfólks á Seltjarnarnesi um sameiginlegan framboðslista vegna sveitarstjórnkosninganna 26. maí næstkomandi.

Bæjarmálaráðið hefur boðið fram Neslistann frá árinu 1990.

Í samþykkt aðalfundarins segir að markmið samstarfsins sé að stuðla að víðtæku samstarfi og virkja fjölbætta reynslu og þekkingu beggja aðila í þágu framfara og þjónustu við bæjarbúa.

Lögð verður áhersla á að efla

faglegt starf í bæjarmálanum og gegnsæi í ákvarðanatöku bæjaryfirvalda, styrkja

lýðræðislega og nútímalega stjórnunarhætti og málefnalega umræðu um bæjarmálin.

Hið sameiginlega framboð mun auglýsa eftir frambjóðendum og gefa þannig íbúum á Seltjarnarnesi tækifæri til þess að hafa áhrif á málefni sveitarfélagsins og bjóða fram fjölbreyttan framboðslista sem endurspeglar íbúasamsetningu Seltjarnarness.



# TÍMAMÓTAGJÖF!

Frábært veganesti út í lífið fyrir fyrir  
**fermingarborn** á öllum aldri:  
Í einstaklega fallegum gjafaumbúðum.  
Silfur, gull, rósagull.  
Verð: 5.900 / 6.900 kr.



ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK  
Heimasíða: [systrasamlagid.is](http://systrasamlagid.is)  
[facebook.com/Systrasamlagid](https://facebook.com/Systrasamlagid)  
Sími: 511 6367

# Margt líkt með Seltjarnarnesi og Vestmannaeyjum

**G**ísli Pálsson mannfræðingur hefur búið á Seltjarnarnesi um eins árs skeið eftir áratugi í Skjólunum í Reykjavík. Gísli hefur stundað rannsóknir og kennslu á fræðasviði sínu um lengri tíma og fór á síðari árum að skrifa bækur um hugðarefni sín. Árið 2003 kom út bók um Vilhjálm Stefánsson landkönnuð þar sem opnuð er ný sýn á ævi þess merka manns. Næsta bók Gísli fjallaði um Hans Jónatan mann af afrískum uppruna sem kom hingað til lands frá Danmörku eftir að hann var dæmdur eign annarrar manneskju og þar með að hann væri þræll en komst hingað til lands og settist að á Djúpavogi. Ein ótrúlegasta en einnig merkilegasta saga nýbúa hér á landi. Á liðnu ári kom síðan út bókinn Fjallið sem ypti öxlum með undirtitlinum Maður og náttúra. Þar tvinnar Gísli saman hluta sögu eigin æfi sem hann tengir við tengsl mannsins við umhverfi sitt - jörðina og náttúruna. Gísli spjallar við Nesfréttir að þessu sinni um flutning sinn á Nesið, líkindi þess við gömlu heimabyggðina í Vestmannaeyjum og síðast en ekki síst hugðarefni sín og bækur.

"Já - það er rétt. Ég flutti á Seltjarnarnes fyrir um ári eftir að hafa búið í notalegu sænsku timburhúsi í Skjólunum í Vesturbæ Reykjavíkur í 36 ár. Við hjónin vorum búin að ákveða að minnka við okkur húsnæði og einnig að finna yngra til að losa okkur undan viðhaldi og þurfa ekki að hafa áhyggjur af garði. Sonur okkar hafði komið sér fyrir á Seltjarnarnesi ekki langt frá Hrólfsskálamelnum þar sem við búum. Nábylið við fjölskylduna ýtti undir áhuga okkar á að flytja hingað en sonarsynir okkar eru hér hvor í sínum skólanum og eru í göngufæri til okkar." Ég kann vel við mig á Neginu og þekki það orðið mjög vel. Ég hef skokkað hér fram og aftur undanfarna áratugi, ekki síst um strandlengjuna, fjarri bílaumferð og með óendanlegt útsýni.

## Seltjarnarnesið er hálfgerð eyja

Gísli er ekki ókunnugur byggð af þessari stærð. "Ég er það alls ekki enda alinn upp í Vestmannaeyjum sem er allt önnur stærðargráða en Reykjavík og líkist Seltjarnarnesi að vissu leyti. Seltjarnarnesið er hálfgerð eyja þótt það sé landfast með ræmu og hafi samgöngur á landi við höfuðborgina alla vega enn sem komið er. Ég hef því þennan samanburð á fámennu og fjölmennu samfélagi og hef stundum velt því fyrir mér sem mannfræðingur hvort fólk þrífist betur í fámenni en fjölmenni. Ég er ekki frá því að svo sé. Í fámenninu verða til annarskonar tengsl á milli fólks. Margir þekkjast eða kannast við nábylinga sína sem ekki verður alltaf og reyndar sjaldnast í fjölmenni eða stórborgarmenningu. Um fimm þúsund manns bjuggu í Vestmannaeyjum þegar ég var að alast upp. Það sem greinir Seltjarnarnes frá Vestmannaeyjum er beina



Gísli Pálsson mannfræðingur.

brautin til Reykjavíkur sem gerir það að verkum að Nesið þarf ekki að vera sjálfbært með atvinnu og þjónustu. En mannlífið á sér samhljóm. Hér er bara einn leikskóli og einn grunnskóli eitt íþróttahús og ein félagsaðstaða. Þetta kallar á miklu meiri samskipti og kynni af hálfu íbúanna en yfirleitt einkennir fjöldasamfélagið. Sambýlið í Skjólunum var þó nánara en ætla mátti. Nesið líkist því sem ég þekkti í Eyjum." Gísli vikur að bæjarstæðinu og segir tæpast tilviljun að menn hafi valið Seltjarnarnesið til búsetu þegar á söguöld. "Hér var bæði gott bæjarstæði og fullt hús matar ef svo má segja. Fiskurinn í sjónum og fuglinn við bæjardyrnar auðvelduðu allar bjargir fólks á þeim tíma og síðar. Samgöngurnar voru á sjónum enda engin landleið inn á fasta landið á þeim tíma. Ef við horfum á þróun umhverfismála og þá staðreynd að staða sjávar getur tekið að hækka; eins og margir óttast mun ákveðin hætta steðja að Seltjarnarnesi í framtíðinni. Það þarf ekki mikið til þess að landleiðin tapist. Nesið verði að eyju og nokkuð af því byggða bóli sem er í dag fari undir sjó. Þetta er alvarlegt íhugunarefni."

## Fjalla um náttúruvæa

Umhverfismál eru Gísli hugleikin og eru þau nokkuð rauður þráður í gegnum síðustu bók hans Fjallið sem ypti öxlum. Í bókinni fjallar hann um æskustöðvar sínar og uppvaxtarár í Eyjum en tengir umfjöllunina við náttúruna sterkum böndum. Hann hefur ákveðna sýn á tengsl manns og náttúru enda eru þau hluti af viðfangsefnum hans sem mannfræðings. "Þetta er að uppruna

og að hálfu leyti sjálfsævisaga mín sem ég flétta saman við áhuga minn á umhverfismálum," segir Gísli. "Ég upplifði þessi sterku tengsl í Surtseyjargosinu 1963 sem ég sá með eigin augum drengur í Vestmannaeyjum og síðar í gosinu í Helgafelli 1973. Þótt ég væri fluttur burt og farin til í framhaldsnáms í Manchester í Englandi komst maður ekki hjá því að fréttu þegar um fimm þúsund manna byggð leystist upp á einni nóttu. Þótt ég noti mína eigin sögu sem uppiðöðu í bókinni þá fjallar hún öðrum þræði um þá náttúruvá sem byggð í Vestmannaeyjum og víða um heim býr við. Hún er kannski ekki að öllu leyti ólík því sem Seltirningar búa við þótt ekki sé neitt sem bendir til eldsumbrota þar eins og í Eyjum. Það felst vá í sjávarstöðunni og loftmengun. Vá sem ekki er fyrst og fremst af náttúrunnar hendi. Og þetta á ekki aðeins við um okkur hér á landi heldur er hún fyrir hendi um allan heim. Hækki staða sjávar verulega frá því sem nú er verða stór búsvæði á jörðinni í hættu. Það þarf ekki annað en horfa til Miami á Flórída, eyjasamfélaga í Asíu og víðar. Það þarf heldur ekki svo mikla hækun til þess að sjór flæði inn í Reykjavíkurtjörn og yfir Vatnsmýrina svo við lítum okkur nær."

## Þetta snýst um manninn og jörðina

Gísli segir mikla hættu á að landslagið eigi eftir að breytast á þeirri mannöld sem við lifum á. „Ef jöklar bráðna og fargið sem hvílir á hettum þeirra léttist mun eldvirkni eiga greiðari leið upp á yfirborðið. Sérstaklega þar sem jöklar eru nálægt eða á flekamótum eins og hér á landi. Ekki þurfi mörg stór eldgos til þess að auka koltvisýring í lofti sem um munar og þar með auka gróðurhúsaáhrif mun meira en þau sem fyrir eru. „Þetta snýst allt um manninn og Jörðina," segir Gísli og vitnar síðan til kenninga fyrri tíma um manninn sem herra jarðarinnar. Að maðurinn komi og setjist ofan á jörðina og taki að stjórna henni. „Í bókinni leitast ég við að tengja fortíð við nútíð og ákveðna framtíðarsýn. Ég nota þá aðferð að setja sögumanninn sem miðdepil í frásögnina. Lesandinn gerir kröfu um að frásögnin sé heiðarleg og ærleg og að ekki sé verið að villa á sér heimildir. Sagnir af þessari gerð eru farnar að líta dagsins ljós. Eigum við að segja að komast í tísku. Hugsunin að baki því er að tryggja nærveru höfundar og leggja áherslu á að hún skipti máli. Að maður og jörð sér eitt en ekki að jörðin sé „platform“ – völlum sem maðurinn stígur ofan á en að öðru leyti séu þessi fyrirbæri ótengd. Þetta kann að hljóma nýstárlega en eru að verða ákveðin stef í nútíma efnishyggju þótt þetta sé ekki alveg nýjar kenningar." Gísli vitnar til Þórbergs Þórðarsonar rithöfundar sem skrifaði bókina Steinarnir tala sem er fyrsta bókinn af fjórum Suðursveitarkrónikum hans þar sem hann segir frá bernsku sinni á Hala í Suðursveit á síðustu áratugum níttjándu aldar frá sjónarhóli





Frá eldgosinu í Eyjum 1973. Mörg hús urðu eldi að bráð og hurfu undir hraun. Hér sést æskuheimili Gísla Pálssonar í ljósum logum hverfa undir hraunjaðarinn.

barns sem er að uppgötva umhverfi sitt og náttúruna. Hann nefnir einnig Kvískerjabræður til sögunnar merkilega nátrúrurannsækendur og sjálfmenntaða fræðimenn. „Menn hafa skoðað náttúruna í gegnum árin þótt áhugi á náttúruvísindum hafi aukist að undanfögnu.“

### Hver var Hans Jónatan?

Gísli ritaði fyrir nokkrum árum sögu Hans Jónatans. En hver var Hans Jónatan. „Hann var fæddur á Jómfrúreyjum sem þá var dönsk nýlenda í Karibahafi þar sem hann var þræll en einnig stríðshetja í Danmörku. Hann komst hingað til lands árið 1802 eftir að hafa hlotið dóm í Danmörku um að hann væri þræll og eign annarrar manneskju. Hann settist að á Djúpavogi þar sem hann gerðist verslunarstjóri og bóndi. Lengi var nokkuð óljóst um uppruna hans en eftir að vísindamönnum hjá Íslenskri erfðagreiningu tókst að raða saman drjúgum hluta af erfðamengi hans kom í ljós að móðurætt hans var líklega frá Benin eða nærliggjandi löndum í Vestur Afríku en faðir hans var hvítur. Ekki mun ljóst hvort móðir hans var fædd í Vestur Afríku. Stefán Jónsson fréttamaður, alþingismaður og

rithöfundur, ættaður frá Djúpavogi og faðir Kára Stefánsdóttur forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar skrifaði bókina Að breyta fjalli og segir þar frá æsku sinni á Djúpavogi og kemur þar að sögu Hans Jónatans. Mér fannst þessi saga varpa ljósi á nýlendutímamann, þrælalad, kúgun og viðskipti, uppreisn og frelsisþrá. Hún teygir sig frá Vestur-Afríku til Jómfrúreyja, til Danmerkur og Íslands. Þarna er fjallað um mannréttindi og innflytjendur og samskipti við fólk. Bókin um Hans er nú komin út á fjórum tungumálum.“ Gísli segir ánægjulegt að þessi einstaka saga hafi náð út fyrir landsteinana – að skilaboðin hafi farið víðar um en hér á landi. „Það gefur henni meira vægi.“ Ég hef átt ánægjuleg samskipti við afkomendur Hans Jónatans og nú beinist athyglin að faðerni hans, hvort unnt sé að skera úr um hver faðirinn var.

### Fékk dagbækur Vilhjálms

Saga Hans Jónatans er merkileg en Gísli hefur einnig skrifað sögu annars merkilegs Íslending þótt með öðrum hætti sé. Það er saga Vilhjálms Stefánsdóttur landkönnuðar sem eyddi æfi sinni við að rannsaka norðurslóðir og dvaldi langtíðum saman á meðal Inúíta. Saga og starf Vilhjálms

tengir ekki síður saman mann og jörð en annað þar sem þessi tengsl eru óvíða augljósari en á ísbreiðum norðursins. Í bókinni um Vilhjálms fjallar Gísli um störf hans en ekki síður lífshlaup sem nokkur hulinsjúpur hvíldi löngum yfir. Þar er átt við Pannigabluk inúíska sambýliskonu hans á ísnum eða saumakonu eins og fylgikonur hvítra manna þar voru gjarnan kallaðar og afkomendur sem hann átti með henni. Gísli segir að sá þáttur ævi Vilhjálms hafi mörgum verið lítt kunnur en hann kvæntist, eins og kunnugt er, seint á lífsleiðinni bandarískri konu Evelin að nafni. „Ég var svo heppinn að fá afrit af dagbókum hans og einnig bréfasafn sem enginn hafði skoðað. Vilhjálms hafði eignast dreng með konu af ætt Inúíta sem síðar var sex barna auðið. Þótt þetta væri ekki látið fara hátt bar hann nafn föður síns, var skráður Stefánsdóttur og öll börn hans voru einnig Stefánsdóttur. Þau eru nú öll látin en ég var svo heppinn að hitta fjögur þeirra að máli. Ég vann út frá því sjónarhorni að beina sjónum að tilteknum þáttum sem lítið hefur verið fjallað um, ekki síst frásögnum ferðadagbókanna og inúítafjölskyldu hans en einnig tengslum hans við Ísland. Því ar ekki komist hjá því að fjalla um togstreituna á milli einkalífs hans og þeirra kenninga sem hann er þekktastur fyrir í ritum sínum.“ Nú stendur fyrir dyrum, í samvinnu við Hákon Má Oddsson kvikmyndagerðarmann og Stofnun Vilhjálms Stefánsdóttur á Akureyri, að koma einstökum vídeoupptökum með afkomendum Vilhjálms á veraldarvefinn. Gísli hefur einnig unnið að tveimur heimildamyndum með tveimur Seltirningum þeim Valdimar Leifssyni og Bryndísi Kristjánsdóttur; önnur myndin er um Hans Jónatan og afkomendur hans og verður sýnd á þessu ár og hin er um Vestmanneyjagosið.

### Fagna Kaffi Örnun

Við Gísli höfum setið á Kaffi Örnun við Eiðistorgið, handan við Hrólfsskálamel þar sem hann býr, og rætt eitt og annað. Flest fróðlegt þótt sumt nái ekki að komast á blað í stuttu viðtali. Gísli segist fagna þessu framtaki – að koma upp kaffihúsi og ísbúð þar sem boðið er upp á vörur fyrir fólk með mjólkursýkurþöf. „Ég er sjálfur með mjólkursýkurþöf og því afskaplega þægilegt fyrir mig að röltu hingað yfir götuna – einu ísbúðina á landinu sem hefur sérhæft sig með þessum hætti – og fá mér kaffibolla eða ís.“



### Vottað réttina- og málingarverkstaði

GB Tjónavíðgerðir er réttina- og málingarverkstaði vottað af Bílgrænasambandinu. Við tryggjum hámarksæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að víðgerð.



**Tjónaskoðun**  
Við skoðum bíllinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



**Framrúðuskipti**  
Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bíl.



**Mössun / snyrting á lakki**  
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkimössun og blettanir.



**Dekkþjónusta**  
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í víðgerð.



**Réttina og máling**  
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins víðurkennend efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



**Bílaþvottur / djúphreinsun**  
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón ofl. Frír þvottur fylgir öllum víðgerðum.



**Innréttingar / áktaði**  
Tökum að okkur víðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



**Smávíðgerðir**  
Samhlíða víðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

KOMDU MEÐ BÍLINN Í  
FRÍA TJÓNASKOÐUN

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690  
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



## UMHVERFISHORNID

# Varpfuglar á Seltjarnarnesi árið 2017

## Unnið fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness

**Nýlega kom út skýrsla um varpfugla á Seltjarnarnesi og annað fuglalíf. Í skýrslunni segir Jóhann Óli:**

„Annað hvert ár eru varpfuglar og annað fuglalíf á Seltjarnarnesi skoðað að frumkvæði umhverfisnefndar. Það er hluti af vöktunardagskrá, sem staðið hefur frá aldamótum, en upplýsingar ná þó mun lengra aftur. Ekki var brugðið útaf vananum sumarið 2017.

Höfuðfugl vöktunarinnar hefur frá upphafi verið krían; hún er algengasti varpfuglinn á Seltjarnarnesi, hefur staðið í ströngu undanfarin ár vegna ætisskorts í hafinu, er nær flestum vegna nábylis við manninn og er afar merkilegur fugl fyrir þær sakir að hún fer allra dýra jarðarinnar lengst á árlegum ferðum sínum milli varpstöðva og vetrarstöðva. Varpíð sumarið 2017 var nokkuð gott, 2370 hreiður og er það svipað og fyrir tveimur árum. Nokkuð komst á legg af ungum, þetta er því þriðja árið í röð sem ungar komast á legg. Mikil óáran herjaði á kríuvarpið á árunum 2005-2014 og komust þá nær engir ungar á legg, þrátt fyrir að varpið væri oft á tíðum mjög gott.

Á undanförunum árum hefur þróunin hjá kríunni á Seltjarnarnesi verið sú, að flatarmál varpanna minnkar, þeim fækkar, en þau þéttast að sama skapi. Þessu voru gerð ítarleg skil í verndaráætluninni, sem kom út í lok síðasta árs. Þessi þróun hélt áfram árið 2017. Lítið varp var í Gróttu og hefur það aldrei verið jafnlítið síðan farið var að fylgjast með kríuvarpinu, fyrir utan árið 2011, þegar krían varp ekki. Á meðan jókst varpið á Snoppu og hefur sjaldan eða aldrei verið jafnstórt. Vörpin í Suðurnesi, sem eitthvað kveður að, voru nú aðeins fimm. Þetta hefur væntanlega eitthvað með truflun og jafnvel afrán að gera.

Því eru þessir blettir, sem krían verpur á, mun mikilvægari en ella.

Mófuglavarp gekk vel, maí var mildur og júní mildur en blautur. Tveir jaðrakanar voru með varpatferli á Snoppu, en jaðrakan fannst fyrst verpanði á Seltjarnarnesi sumarið 2015. Nú bættist við enn ein varptegundin, brandönd. Hún er tiltölulega nýr landnemi hér á landi og var þar með hreiður við Bakkatjörn og kom þremur ungum á legg. Álftapar kom tveimur ungum á legg á Bakkatjörn og grágæsavarp gekk ágætlega, svo og æðarvarp. Gargendur og stokkendur komu upp ungum, en aðrar endur ekki.

Margæsir höfðu viðdvöl sem fyrr, einnig aðrir fargestir eins og rauðbrystingur, sanderla, lóupræll og tildra. Heiðlóur héldu til á Seltjarnarnesi allan veturinn 2016-17, enda veturinn framan af afar mildur. Það gæti ruglað þjóðina í rýminu, ef vorboðinn tekur uppá því í meira mæli að hafa hér vetrardvöl.

Tvær nýjar tegundir sáust á Seltjarnarnesi frá síðustu skýrslu og voru báðar nýjar fyrir landið: roðatíta 2016 og háleggur 2017. Sá síðarnefndi hafði reyndar sést á Suðurnesjum og var þetta sennilega sami fugl og sást þar.

Fuglaskoðunarhús er risið við Bakkatjörn og á það án efa eftir að njóta vinsældra í framtíðinni hjá fuglaskoðurum og fuglaljósmyndurum. Sjá mynd á bls. 14 í skýrslunni.

Það er forgangsmál að verndaráætlun sem leit dagsins ljós fyrir ári, fái sess í stjórnkerfinu. Jafnframt er nauðsynlegt að halda áfram vöktun þeirri á fuglalífi Seltjarnarness, sem hefur verið stunduð frá aldamótum.

Nauðsynlegt er að sinna minkagæslu og skipulagðri eyðingu, minkur er vargur í véum og gæti hann haft áhrif á

þá breytingu sem orðið hefur á kríuvarpinu og jafnframt valdið hvarfi kríunnar úr Gróttu. Opnun Gróttu á varptíma er ekki lausn á þessum vanda, heldur markviss minkaleit. Einu rökin sem mæla með opnun, er að þar verði stöðug gæsla á fjöru á varptíma. Gróttu var upphaflega lokað á varptíma, til að vernda varpfugla, aðallega kríu og æðarfugl. Ekkert hefur breyst, sem réttlætir að friðun verði aflétt. Jafnframt þarf að framfylgja hundabanni af fullri einurð á Seltjarnarnesi, lausir hundar gera oft mikinn skaða í vörpum.

Að endingu vil ég ítreka mikilvægi þeirrar reglulegu vöktunar á fuglalífi, sem hér er fjallað um. Ítarlegar upplýsingar um fuglafánuna létta undir með allri ákvarðanatöku, auka á fræðslugildið og eru

**Nóvember 2017**  
**Jóhann Óli Hilmarsson**

nauðsynlegur þáttur í að viðhalda því auðuga og sérstaka fuglalífi, sem þrífst á þessum viðkvæma stað í jaðri mesta þéttbýlis landsins, þær eru leiðbeinandi í allri umgengni mannsins við villta náttúru og fugla himinsins.“

**Heimildir: Skýrsla: Jóhanns Óla Hilmarssonar, formanns Fuglaverndar. Skýrslan er þegar komin á vef bæjarins [www.seltjarnarnesi/fréttir](http://www.seltjarnarnesi/fréttir) og útgefið efni/skýrslur og útgáfur/umhverfismál/Varpfuglar á Seltjarnarnesi árið 2017.**

*F.h. umhverfisnefndar,  
Margrét Pálsdóttir, formaður.*





# Viltu koma á stefnumót við bók?



Hefur þig alltaf langað að lesa Jo Nesbø í enskri þýðingu, eða bara íslenski? Áttu eftir að lesa Undan-tekninguna eftir Auði Övu? Vantar þig erfðafræðibók en langar í bók um matreiðslu? Þá hljóp á snærið hjá þér, því nú hleyfum við kúnum út og bjóðum þér á árlegt stefnumót við bókina sem við höfum hrundið af stað með vorútsölu Bóksölu stúdenta og stendur yfir til 20. apríl.

Fagrar bækur og ljótar, myndnar, fræðandi, litlar, stórar, spennandi, rómantískar, heiðarlegar og haug-alygi. Við eigum allt sem hugurinn girnist í formi mörghundruð erlendra bóka með 50-70% afslætti og valdra íslenskra kilja á lækkuðu verði. Þar má finna bækur á ýmsu sviði; sígildar heimsbókmenntir, afþreyingu, fróð- leik og fræðirit í flestum greinum. Eigum meira að segja sterka fjöl- notapoka til að bera allt góssið. Ef þú kemst ekki til okkar, þá vill svo heppilega til að vefverslun okkar

er sú stærsta á landinu og hefur að geyma alla titla verslunarinnar, sem eru 12 þúsund talsins, og að auki um 100 þúsund rafbækur. Þú getur líka kíkt á síðuna [www.boksala.is](http://www.boksala.is) og skoðað úrvalið áður en þú mætir til okkar.

Við í Bóksölnunni leggjum metnað í að aðstoða þig við að finna bókina sem þú leitar að. Markmið okkar er að hjálpa þér að finna þá réttu – hvort sem þú veist að hverju þú leitar eða ekki. Ef þú finnur hana ekki, þá er bara að spyrja. Vertu ófeiminn við að varpa öllu fram sem þér dettur í hug varðandi áhugaverðar bækur sem þú hefur heyrt um en manst ekki hvað heita, hversu furðulega sem þér finnst það kunna að hljóma. Við höfum gaman af að leggjast í rannsóknarvinnu og finna bókina fyrir þig. Hvort sem hún er fánleg hér á landi eða ekki, í öðrum bókabúðum hérlendis eða erlendis, jafnvel á fornbóka-

mörkuðum – við finnum hana. Við tökum stefnumótþjónustu okkar við bókina alvarlega, enda annáluð fyrir persónulega og góða þjónustu í 50 ár.

Við eigum í sambandi við bækur. Getum stundum ekki beðið eftir komu sumra í hús, að finna fyrir þeim og kynnast þeim betur. Ertu

til í stefnumót? Kíktu á vorútsöluna okkar – kannski verður úr „match made in heaven“?

Við hlökkum til að fá þig í heimsókn, starfsfólk Bóksölu stúdenta.

Bóksala stúdenta er á Háskólatorgi og er opin frá 9 til 18 alla virka daga. Vorútsalan stendur til 20. apríl.

# Útsala

15. mars til 20. apríl



50-70%  
afsláttur af erlendum  
bókum og völdum  
vörum.

## bóksala stúdenta

Alvöru bókabúð og miklu meira

[www.boksala.is](http://www.boksala.is)

# RECARO

Barnabílstólar í úrvali



**BÍLASMIÐURINN HF**

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)

# FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100  
Símar 562-1070, 896-4243  
Opið virka daga kl. 10 - 18:30



# Helgiöld fram yfir páska í Seltjarnarneskirkju

## 25. mars – pálmásunnudagur

Guðsþjónusta og sunnudagaskóli kl. 11.

Organisti er Glúmur Gylfason. Fermingarmessa kl. 13

## 26. mars

Páskaeggjábíngó í safnaðarheimilinu kl. 20

## 28. mars

Kyrrðarstund kl. 12

## 29. mars

Guðsþjónusta kl. 11 á vegum Samstarfsnefndar kristinna trúfélaga og Alþjóðlegs bænadags kvenna. Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, prédikar. Altarisganga og máltíð í Seltjarnarneskirkju kl. 18. Fólki þarf að skrá sig til þátttöku í síma 561-1550 eða 899-6979.

## 30. mars

Lestur allra Passíusálmanna frá kl. 13-18. Seltirningar lesa eins og fyrri ár.

## 31. mars

Tónleikar kl. 17. Anna Jónsdóttir, sópran, Þóra H. Passauer, kontraalt,

Friðrik Vignir Stefánsson, organisti og Páll Einarsson, sellóleikari flytja Stabat Mater eftir Pergolesi. Miðasala við innganginn.

## 1. apríl

Hátíðarguðsþjónusta kl. 08 fyrir hádegi. Sóknarprestur þjónar. Organisti safnaðarins leikur á orgelið. Félagar úr Kammerkór Seltjarnarneskirkju syngja. Brynhildur Þóra Þórsdóttir, sópran, syngur einsöng. Morgunverður og samfélag að athöfn lokinni.

## 4. apríl

Kyrrðarstund kl. 12

## 6. apríl

Bænastund kl. 9.30. Kaffi og vinarbrauð eftir stundina.

## 8. apríl

Guðsþjónusta og sunnudagaskóli kl. 11. Kaffiveitingar og samfélag að athöfn lokinni.

*Organisti við messurnar er*

*Friðrik Vignir Stefánsson, kantor. Sóknarprestur er sr. Bjarni Þór Bjarnason.*

# Passíusálmarnir lesnir á föstudaginn langa

**Upplestur Passíusálmanna verður að vanda í Seltjarnarneskirkju á föstudaginn langa 30. mars og allir eru velkomnir í kirkjunna.**

Föst venja er orðin að lesa alla 50 Passíusálma sr. Hallgríms Péturssonar upp í heyrenda hljóði í Seltjarnarneskirkju á föstudaginn langa ár hvert. Allir eru velkomnir að hlýða á lestur þessara dýrmætu perla íslensks kveðskapar þar sem rakin er píslarganga Jesú ásamt margskonar uppbyggilegum hugleiðingum sr. Hallgríms. Um 20 manna hópur Seltirninga á öllum aldri les og á milli verður fagur fiðlu- og orgelleikur. Lesturinn hefst kl. 13 og lýkur um 18 leytið. Áheyrendum er frjálst að vera eins lengi og þeim hentar. Kaffiveitingar verða í safnaðarheimili kirkjunnar.

Hallgrímur Pétursson sem var fæddur 27. október 1614 og látinn 1674 var mesta sálmaskáld Íslendinga. Ævi hans var að mörgu leyti óvenjuleg en þekktastur er hann í dag fyrir Passíusálmanna sína sem voru fyrst gefnir út á prenti árið 1666. Prentanir eru nú orðnar yfir hundrað talsins, auk þýðinga á mörg tungumál. Hallgrímur bjó lengst af við fátækt. Hann naut mikils stuðnings Brynjólfs Sveinssonar Skálholtsbiskups og fékk prestsvígslu frá honum þrátt fyrir að Hallgrímur lyki aldrei formlega prófi. Hallgrímskirkja í Reykjavík er nefnd eftir honum - og fleiri kirkjur. Góð aðsókn hefur verið að lestrinum undanfarin ár og hann mælst vel fyrir.

# FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Þrátt fyrir rýsjótt veðurfar undanfarin vikur þá hefur það ekki aftrað fólki frá því að taka þátt í félagsstarfinu hjá eldri borgurum. Metþátttaka hefur verið í félagsvistinni enn og aftur og hefur aukaspiladögum verið komið inn í dagskrána þegar möguleiki er fyrir hendi. Þann 15. febrúar sl. var farið í „óvissuferð“ og var ferðinni heitið að Hulduhólum í Mosfellsbæ á heimili og í gallerí listakonunnar Steinunnar Marteinsdóttir. Ákaflega vel var tekið á móti hópnum og fór listakonan í gegnum ævistarfið og sagði frá stefnum og straumum í listsköpun sinni. Þegar heimsókninni lauk var farið á veitingastaðinn Messann á Grandagarði þar sem boðið upp á kaffihlaðborð. Ferðin var vel heppnuð og mætingin góð. Næsta fimmtudag þar á eftir eða 22. febrúar var svo skemmtikvöld í félagsaðstöðunni á Skólabraut. Boðið var upp á léttar veitingar, barinn opinn, sagðar sögur og brandarar og svo var hressilega tekið undir í söng og dansi undir góðri stjórn Svenna nikkara. Virkilega vel lukkað og skemmtilegt kvöld þar sem fólk skartaði höttum og alls konar höfuðskrauti.

Bingóið í golfskálanum var svo fimmtudaginn 8. mars, en Haukur framkvæmdastjóri Nesklúbbsins býður eldri borgurum í bingó í skálann tvisvar á ári og hefur gert það undanfarin ár. Öllum finnst gaman að koma í skálann og tilbreyting að spila bingóið þar, þiggja veitingar og njóta útsýnisins til allra átta og erum við öll ákaflega þakklát Hauki fyrir þetta framlag hans.

Þegar þessar línur eru skrifaðar þá er næsti viðburður félagsvist í boði Lions en Lionsmenn mæta í salinn á Skólabraut einu sinni á ári og spila félagsvist við viðstadda, en þeirra kvöld verður þriðjudaginn 13. mars. Önnur „óvissuferð“ og ekki síður spennandi verður farin 15. mars en þá ætlum við að heimsækja Landhelgisgæsluna með leiðsögn þar sem boðið verður í flugskýlið og einhver þyrllan skoðuð. Eftir heimsóknina bregðum við okkur á Hótel Nordika og fáum okkur eftirmiðdagskaffi.

**Mánudaginn 26. mars** verður svo páskaeggjábíngó í safnaðarheimili kirkjunnar kl. 19.30 og eru allir velkomnir og fólk hvatt til að taka með sér gesti.

**Fimmtudaginn 5. apríl** verður félagsvist í salnum á Skólabraut kl. 13.30.

**Fimmtudaginn 12. apríl** verður bingó í salnum á Skólabraut kl. 13.30.

**Þriðjudaginn 17. apríl** býður svo Varðan, slysavarnardeild kvenna í félagsvist í salnum á Skólabraut kl. 19.30 og eru allir hjartanlega velkomnir. Flottir vinningar og veitingar eins og þeim konum er einum lagið. Ath. vorhátíðin/ Grillvagninn sem auglýst hefur verið fimmtudaginn 26. apríl frestast um einhverja daga. Nánar auglýst í næsta blaði.

Athugið að þrátt fyrir upptalninguna hér að ofan þá er heilmikið annað um að vera í félags og tómstundastarfi eldri bæjarbúa. Hvetjum við fólk til að kíkja t.d. í **kaffikrókinn** en þar er boðið upp á kaffi alla morgna kl. 10.30 og þar hanga uppi auglýsingar varðandi alla dagskrá. Vonandi eiga allir dagskrárblaðið janúar – júní 2018, einnig má fylgjast með á heimasíðu bæjarins (aldraðir, félagsstarf) í Morgunblaðinu (félagslíf aldraðra) og svo eru settar inn tilkynningar á facebook (eldri borgarar Seltjarnarnesi).

Eins og áður hefur komið fram í þessum pistlum þá eru allar hugmyndir og ábendingar um dagskrá, viðburði eða ferðalög vel þegnar. Öllum upplýsingum má koma á framfæri til Kristínar [kristinh@nesid.is](mailto:kristinh@nesid.is) eða í síma 8939800. Hér á Nesinu er fullt af hæfileikaríkum einstaklingum bæði á sviði tónlistar og annarrar skemmtunar. Eldra fólkioð okkar er alltaf tilbúið fyrir heimsóknir og góðar samverustundir þegar þær bjóðast. Þannig að endilega komið með ábendingar eða látið heyra í ykkur.

## FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17  
alla virka daga

Verið velkomin

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, [www.bergsteinar.is](http://www.bergsteinar.is)



# Heilsueflandi samfélag á Seltjarnarnesi

Sveitarfélög víða um land hafa mörg hver markað sér þá stefnu á síðustu árum að vera heilsueflandi samfélög. Í því felst að gætt er að áhrifum á heilsu og líðan í allri stefnumótun og miðað er að því að bæta heilsu og líðan íbúa.

Fyrsta skrefið í því að verða heilsueflandi samfélag er að gera samning við Embætti landlæknis sem leggur til stuðning, ráðgjöf og fræðslu ásamt gátlista fyrir áherslupætti heilsueflandi samfélags og heilsueflandi skóla.

Seltjarnarnes hefur ekki enn stigið það skref að verða heilsueflandi samfélag en hefur þó alla burði til þess að verða leiðandi á þessu sviði. Sveitarfélögin 16 sem nú eru heilsueflandi samfélög eru mislangt á veg komin á heilsuvegferðinni, en reynsla þeirra af því sem vel hefur gengið og lærdómur af því sem ekki hefur gengið eins vel getur nýst okkar góða bæjarfélagi, íbúum öllum til heilla.

## Hvað felst í því að vera heilsueflandi samfélag?

Heilsueflandi samfélag miðar að því að þróa samfélagslegan ramma utan um markvissa og heilðræna heilsueflingu og er ætlað að ná til allra aldurshópa. Er það gert í gegnum heilsueflandi leikskóla og grunnskóla, heilsueflandi vinnustaði, stofnanir og starf eldri borgara. Þannig er stuðlað að því að einstaklingar hafi jöfn tækifæri til að móta heilbrigðan lífsstíl, auka hreyfingu og útivist, bæta mataræðið og

efla geðrækt.

Með margvíslegu heilsueflingar- og forvarnarstarfi og með því að bæta bæði hið manngerða og félagslega umhverfi íbúa og tryggja að það sé öruggt og heilsusamlegt er hægt að stuðla að góðri heilsu, vellíðan og auknum lífsgæðum íbúa bæjarins.

Margt af þessu er mjög vel gert á Seltjarnarnesi nú þegar, svo sem öryggismálin. Hér er einnig öflugt íþrótta- og æskulýðsstarf og góðir göngu- og hjólastígar svo dæmi séu tekin. Með því gera skólana að heilsueflandi leikskóla og heilsueflandi grunnskóla eru stigin mikilvæg skref í átt að heilsueflandi samfélagi. Greina mætti nánar vanlíðan barna og ungmenna í skólum með skimunarprófum (með leyfi barna og forráðamanna) og efla hreyfingu meðal fullorðinna með hvatningu og fræðslu. Huga þarf enn betur að líðan eldri borgara og stuðla að farsælli öldrun. Þá mætti huga betur að umhverfinu með því að auðvelda fólki að flokka sorp til endurvinnslu og marka loftslagsstefnu.

## Ávinningur af heilsueflandi samfélagi

Ef vel er staðið að innleiðingu heilsueflandi samfélags má vænta þess að íbúar öðlist aukna

heilsumeðvitund, ánægju og hamingju, afköst og árangur aukist, og íbúar bæti ekki einungis árum við lífið heldur því sem meira er um vert, lífi við árin. Fyrir viknið ætti samfélagið í heild að verða enn eftirsóknarverðara, hagkvæmara, öruggara, sjálfbærara og skilvirkara.

Ragnhildur Jónsdóttir, hagfræðingur, skipar 5. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórnarkosningunum í vor.

Þessi samantekt er að mestu unnin úr efni á vef Embættis landlæknis.



Ragnhildur Jónsdóttir.

- VERIÐ VELKOMIN -

# Arna

ís- og kaffibar

## Nokkur bæjarmál

**Golfklúbbur Ness** – NK hefur óskað heimildar um hliðrun brautar austast á Suðurnesi. Skipulags- og umferðarnefnd hefur vísað til bæjarráðs að meta fýsileika hugmyndar um framkvæmdir við hliðrun sjóvarnargarða við Suðurnes og í því samhengi að geyma efni úr uppgreiftri við íþróttamiðstöð innan bæjarmarka.



**Skipulags- og umferðarnefnd** hefur tekið neikvætt í fyrirspurn um að breyta iðnaðarhúsnæði við Austurströnd 10 í íbúðarrými.

**Skipulags- og umferðarnefnd** hefur tekið jákvætt í fyrirspurn um heimild til þess að bæta sjöörn fyrir framan Hrólfsskálavör 2. Nefndin hefur einnig óskað eftir umsögn umhverfisnefndar og siglingasviðs Vegagerðarinnar.

**Skipulags- og umferðarnefnd** hefur tekið jákvætt í hugmynd um að breytingar á húsnæði ÁTVR á Eiðistorgi.

**VERIÐ VELKOMIN  
TIL OKKAR Á EIÐISTORGIÐ**

Við bjóðum upp á kaffi og ótal bragðtegundir af dásamlegum Örnú ís.

**OPIÐ 9-21 ALLA DAGA  
EIÐISTORG 15 · 170 SELTJARNARNES**



## Samningur við Vivaldi til þriggja ára



Jón von Tetzchner og Sölvi Snær Magnússon við undirritun þriggja ára samstarfssamnings Gróttu og Vivaldi.

Nýlega var skrifað undir nýjan þriggja ára samstarfssamning Gróttu og Vivaldi og mun Gróttavöllurinn við Suðurströnd heita Vivaldivöllurinn út árið 2020. Það er Seltirningurinn Jón von Tetzchner sem er eigandi Vivaldi en hann er einnig stofnandi Innovation House frumkvöðlasetursins sem er með bækistöðvar sínar á Eiðistorgi.

Í þrjú ár hefur Gróttuvöllur heitið Vivaldivöllurinn eftir að samstarf knattspyrnudeildar Gróttu og hugbúnaðarfyrtækisins Vivaldi hófst í upphafi árs 2015. Sölvi Snær Magnússon, formaður

knattspyrnudeildar, sagði við undirskriftina að stuðningur Vivaldi væri félaginu dýrmætur og að á síðustu þremur árum hafi miklar framfarir orðið í starfi deildarinnar. Meistaraflokkur kvenna væri kominn á laggirnar og að iðkendafjöldi hafi aukist stöðugt. Jón sagðist vera afar glaður yfir því að geta stutt sitt gamla félag en hann lék upp yngri flokkana með Gróttu. Hann minntist á mikilvægi þess að öflugt íþróttastarf væri í bænnum og hann nyti þess að sjá félagið blómstra hjá iðkendum á öllum aldri.

## Gróttustúlkur stóðu sig vel á Bikarmóti FSÍ



Fimleikadeild Gróttu átti eitt lið á bikarmót unglunga í hópfimleikum sem fór fram helgina 3. – 4. mars á Selfossi. Stelpurnar stóðu sig með þryði á mótinu en á því frumsýndu þær glæsilega nýja keppnisgalla deildarinnar.

Helgina 9. – 11. mars fór síðan fram bikarmót í 4. og 5. þrepi en mótið fór fram í Versölum í umsjón Gerplu. Gróttu átti 32 keppendur á mótinu. Gróttu varð í 3. sæti í A liðakeppni í 4. þrepi og í 1. og 2. sæti í B liðakeppni í 4. þrepi.

Frábær árangur og við óskum þeim og þjálfurum þeirra innilega til hamingju.

Bikarmót í 1. - 3. þrepi og frjálsum æfingum fer síðan fram helgina 23. – 25. mars. Við óskum keppendum góðs gengis.



GETRAUNANÚMER  
GRÓTTU ER  
170



Sími: 588 9705  
[www.skautaholl.is](http://www.skautaholl.is)

**Opnunartímar:**  
Mánud. Þriðjud. og miðvikud.  
13:00-14:30  
Fimmtudaga  
13:00-14:30 og 17:00-19:30  
Föstudaga  
13:00-14:30  
Laugardaga og sunnudaga  
13:00-17:00  
**Skólar og sérhópar:**  
Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

## BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK





## Skólabraut 1 rifin

Búið að koma með stóra beltagröfu að Skólabraut 1 sem notuð var til að brjóta húsið niður.

Búið er að rífa húsið við Skólabraut 1 en áður var búið að meta það ónýtt og að of kostnaðarsamt yrði að endurgera það í íbúðarhæft ástand auk þess sem slæmt ástand þess var einnig farið að skapa slyshættu fyrir börn.

Lóðin var girt af á meðan á framkvæmdunum stóð. Svæðið verður hreinsað, sléttað og snyrt áður en girðingar verða fjarlægðar þannig að börn fari sér ekki að voða.

## Leikskóli Seltjarnarness

### Innritun fyrir skólaárið 2018-2019



Innritun barna fyrir skólaárið 2018-2019 fer fram í aprílmánuði nk. Til að eiga rétt á leikskóladvöl þarf barn að eiga lögheimili á Seltjarnarnesi. Sækja skal um leikskóladvöl á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is) gegnum *Mínar síður*. Mikilvægt er að umsóknir hafi borist fyrir **31. mars nk**. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða afgreiddar eftir því sem leikskólaláss losnar.

Nánari upplýsingar og aðstoð við innritun veitir Sonja Jónasdóttir í Leikskóla Seltjarnarness í síma 5959287. Fyrirsurnir má einnig senda á [sonja@nesid.is](mailto:sonja@nesid.is) og [leikskoli@nesid.is](mailto:leikskoli@nesid.is)

Upplýsingar um Leikskóla Seltjarnarness:

<http://leikskoli.seltjarnarnes.is/>

[www.seltjarnarnes.is/thjonusta/menntun/leikskolar/](http://www.seltjarnarnes.is/thjonusta/menntun/leikskolar/)

<http://www.seltjarnarnes.is/thjonusta/menntun/leikskolar/innritunarreglur/>

Skólaskrifstofa Seltjarnarnesbæjar



## ERT ÞÚ Í GÓÐUM HÓP?



### Tapasbarinn hefur í 4 ár verið valinn besti veitingastaðurinn fyrir hópa af Reykjavík Grapevine

Gallerísalurinn okkar hentar frábærlega fyrir hópa af öllum stærðum og í boði eru fullt af **spennandi hópmatseðlum**.

Vertu velkomin í skemmtilega stemningu með hópinn þinn.

Allar nánari upplýsingar á [tapas.is](http://tapas.is) og í síma **551 2344**.  
Hlökkum til að heyra í þér.



TAPASBARINN | Vesturgötu 3b



NÝTT HJÁ JÓA FEL!

# Súrdeigspizzadeig að hætti Jóa Fel

Súrdeigspizzadeigið er til sölu frá föstudegi til sunnudags.



BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Garðabær & Hringbraut